FRÉTTABLAÐIÐ

163. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 25. JÚLÍ 2020

Allt getur gerst í Bandaríkjunum

Alþjóðastjórnmálafræðingurinn **Silja Bára Ómarsdóttir** hefur komið víða við. Hún er nýorðin prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún leggur mikið upp úr jafnrétti og liggur ekki á skoðunum sínum. Hún segir stöðuna í Bandaríkjunum vera óhugnanlega. ↬16

Ég lít á það sem mitt hlutverk í lífinu að berja fullkomnunaráráttu úr ungum konum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spagettíkokkur kvikmyndanna

Jónas Sen skrifar um kvikmyndatónskáldið Ennio Morricone sem lést í byrjun júlí. ↬22

Vísindapar í Oxbridge

Parið Bríet Dögg og Sigurgeir er í vísindalegri fjarbúð milli Oxford og Cambridge. ↬18

Á sama tíma fyrir 30 árum

Stuðningsmenn Liverpool og Leeds svífa nú á bleiku skýi. Það gerðist síðast 1990. ↬10

Veður



Norðlæg átt, 5-13 m/s og dálítil væta N- og A-lands, en bjart með köflum S- og V-til. Hiti 10 til 15 stig, en 4 til 10 stig um landið N-vert.
SJÁ SÍÐU 32

Sól og sen

Borgarbúar nutu sín í góða veðrinu í gær. Meðan börnin sulluðu í sjávarmálinu á ylströndinni í Nauthólsvík, stunduðu aðrir innri íhugun og hugleiðslu. Bjart verður að mestu framan af degi á höfuðborgarsvæðinu í dag, en gera má ráð fyrir rigningu með köflum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rannsaka bruna sem manndráp af ásetningi

LÖGREGLA Húsbruninn við Bræðraborgarstíg 1 þann 25. júní er rannsakaður sem manndráp af ásetningi. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manninum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Maðurinn var handtekinn sama dag og bruninn átti sér stað.

„Ekki hafi verið rætt við kærða sjálfan vegna andlegra veikinda hans að undanförnu," segir í úrskurðinum sem er dagsettur 15. júlí.

Þann 3. júlí var maðurinn úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald, en það var síðan framlengt. „Ekki hafi verið rætt við kærða sjálfan vegna andlegra veikinda hans að undanförnu," segir í úrskurðinum sem er dagsettur 15. júlí.

Sakborningurinn er sagður liggja undir sterkum grun um að hafa brotið gegn 211. grein almennra hegningarlaga, sem snúa að manndrápi af ásetningi. Einnig er maðurinn grunaður um brot gegn valdstjórninni, að hafa valdið eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og hafa stofnað lífi annarra í hættu.

Í úrskurðinum kemur fram að brotin sem um ræðir geti varðað allt að ævilöngu fangelsi. „Óforsvaranlegt þyki að kærði gangi laus þegar sterkur grunur leiki á að hann hafi framið svo alvarleg brot," segir í úrskurðinum.

Alls létust þrír í brunanum við Bræðraborgarstíg. Tvær manneskjur fundust látnar í húsinu og ein kona lést af fallinu við að stökkva út um glugga á þriðju hæð. Fjórir einstaklingar voru fluttir á spítala, þar af tveir alvarlega slasaðir. – thg

Katrín hefur ákveðið kjördag.

Kosið til þings næsta haust

STJÓRNMÁL „Ég legg þessa dagsetningu til þannig að við ljúkum kjörtímabilinu hart nær, en tökum tillit til þess að veður og færð spilli ekki kosningaþátttöku," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Hún hefur ákveðið að kosið verði til Alþingis 25. september á næsta ári.

„Ef við lítum til nágrannaríkjanna, þá sjáum við ekki þessar kollsteypur í fjárlögum milli ára. Með breyttu fyrirkomulagi undirbúnings fjárlaga fetum við okkur í átt að meiri langtímasýn," segir Katrín aðspurð um áhrif ákvörðunarinnar fyrir fjárlagavinnuna. – aá

LYFSALINN
BÍLAAPÓTEK
VIÐ VESTURLANDSVEG
Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn
OPIÐ
10.00-22.00
alla daga
www.lyfsalinn.is

Blandaði kaffinu við skyrið á morgnana

Hafnfirðingurinn Smári Ásmundsson hefur hafið sölu á prótínríkum kaffidrykkjum um gjörvöll Bandaríkin í gegnum Amazon. Hugmyndin varð til því Smári flýtti fyrir sér á morgnana með því að hella kaffinu út í skyrið sitt.

VIÐSKIPTI Fyrir tveimur vikum hófst sala á kaffidrykkjum frá bandarísku fyrirtækinu Smári Organics. Drykkirnir hafa verið í þróun í tvö ár og var þeim gefið heitið Smári Kaffi. Þeir koma í þremur bragðtegundum til að byrja með.
Á bak við fyrirtækið er Hafnfirðingurinn Smári Ásmundsson, sem hefur verið búsettur ytra í þrjá áratugi. Hann er lærður ljósmyndari og átti farsælan feril sem slíkur í bandarískan auglýsingabransanum. Þrátt fyrir velgengni ákvað hann að breyta til og fylgja hjartanu. Árið 2012 stofnaði hann fyrirtækið Smári Organics með það að markmiði að hella sér út í matvælaframleiðslu.

„Ég byrjaði að þróa lífrænt skyr hérna úti enda saknaði ég þess að heiman. Ég kom því í verslanir og viðtökurnar voru afar góðar. Skyrið var tekið í sölu í mörg þúsund verslunum í Bandaríkjunum," segir Smári. Þá hafi varan, Smári Skyr, hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir bragðgæði og hollustu.

En samkeppnin er hörð ytra og lítið má út af bregða þegar verið er að stækka framleiðsluna hratt með tilheyrandi kostnaði. „Við ákváðum árið 2018 að hætta framleiðslu á skyrinu því það svaraði ekki kostnaði. Það var þungbært en að sama skapi þá var ofboðslega mikill lærdómur sem við drógum af þessu ferli sem mun nýtast vel," segir Smári. Það þýðir nefnilega ekki að gráta yfir sulluðu skyri.

Það kann að hljóma einkennilega að fara úr skyri yfir í kaffi en í tilfelli Smára þá er það rökrétt. „Ég flýtti oft fyrir mér á morgnana með því að hella kaffinu út í skyrið," segir Smári

Smári Ásmundsson, stofnandi Smári Organics. MYND/AÐSEND

og skellihlær þegar að blaðamaður hváir.

Með þá hugmynd að leiðarljósi hafi þróunarvinnan hafist. „Við ætluðum fyrst að búa til skyrkaffidrykk en vorum ekki ánægð með útkomuna. Við breyttum því aðeins uppskriftinni og eftir stendur mjög prótínríkur og bragðgóður kaffidrykkur, sem að við teljum að sé einn hollasti orkudrykkur sem fyrirfinnst," segir Smári.

Aðstæður í Bandaríkjunum til þess að koma nýjum vörum á markað eru afar einkennilegar vegna COVID-19 faraldursins. Smári ákvað því, ásamt hinum tveimur starfsmönnunum sem starfa með honum hjá fyrirtækinu, að hefja sölu drykkjanna á Amazon.

„Það er nýlega tilkomið að hægt sé að senda kælivöru um gjörvöll Bandaríkin án mikils tilkostnaðar. Fólk er að versla mikið á netinu í dag út af faraldrinum og því var þetta rökrétt leið, sem fer líka vel af stað. Þegar daglegt líf kemst aftur í fastar skorður munum við koma Smári Coffee í verslanir."
bjornth@frettabladid.is

BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CORNELIANI
LES DEUX copenhague
OSCAR JACOBSON
Bruun & Stengade
Benvenuto.
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra lagerinn outlet
Lokadagar
Hreinsun!
Troðfull verslun af merkjavöru!
80%
afsláttur af öllum vörum
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

TÖLUR VIKUNNAR 19.07.2020 TIL 25.07.2020



30 þúsund tonn af makríl hafa veiðst á yfirstandandi fiskveiðiári.

1.700 keppendur taka þátt í Rey Cup á Íslandi í ár.

14 tonn seldust af neftóbaki í ÁTVR milli janúar og júlímánaða.

3,5 prósenta atvinnuleysi var í júní samkvæmt Hagstofunni.

78 atvinnuflugmenn útskrifuðust úr Flugakademíu Íslands í vor.

Þrjú í fréttum

Morðhótanir, opið bréf og eineltismál

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, *leikkona*

olli usla á samfélagsmiðlum vegna ummæla um Kópasker og Raufarhöfn. Auk almennrar gagnrýni fékk hún fjölmargar morð- og nauðgunarhótanir í einkaskilaboðum. Hún hyggst kæra athæfið til lögreglu.

Kári Orrason, *aðgerðasinni*

er ákærður fyrir að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu í anddyri dómsmálaráðuneytisins í fyrra þar sem hann, ásamt félögum sínum í samtökunum No Borders, krafðist fundar með ráðherra um aðbúnað flóttamanna í landinu. Hann skrifaði opið bréf til Höllu Bergþóru Björnsdóttur, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, á vef Fréttablaðsins á fimmtudaginn.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, *yfirlögfræðingur hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum*

hefur ásamt öðrum fengið yfir sig kvartanir vegna eineltis frá starfsmönnum Lögreglunnar á Suðurnesjum. Samkvæmt heimildum fóru þeir yfirmenn sem kvartað var undan í veikindaleyfi, tveimur dögum eftir að kvartað var til fagráðs, án þess að tilkynna lögreglustjóranum það. Málið er nú á borði dómsmálaráðuneytisins.

Kópavogsbær ekkert aðhafst vegna hættulegs húsgrunns

Íbúi við Brekkuhvarf í Kópavogi telur að bærinn fari fram með ofbeldi, varðandi hættulegan húsgrunn sem hefur staðið opinn í þrjú ár. Bærinn tapaði deiliskipulagsmáli í héraðsdómi en áfrýjaði til Landsréttar. Íbúar í hverfinu eru langþreyttir á aðgerðarleysi bæjaryfirvalda og telja hættu stafa af grunninum.

KÓPAVOGUR Íbúar í nágrenni lóðar í Hvarfahverfi eru orðnir langþreyttir á aðgerðarleysi Kópavogsbæjar varðandi húsgrunn, sem talið er að hætta stafi af.

Málið á sér langa forsögu. Í lok árs 2015 var tillaga að nýju deiliskipulagi kynnt, þar sem til stóð að skipta lóðinni Brekkuhvarfi 20 í tvennt og koma fyrir öðru húsi á lóðinni.

Magnús Alfreðsson, sem býr í Brekkuhvarfi 22, segir að þær fyrirætlanir hafi strax verið gagnrýndar af eigendum nærliggjandi lóða. „Ég kom því strax á framfæri að málsetningar væru rangar en það hunsuðu starfsmenn bæjarins. Það var greinilegt að lóðin var ekki mæld upp og því var þetta eitt allsherjar klúður," segir Magnús.

Þrátt fyrir mótmælin var deiliskipulagið samþykkt og að endingu hófst eigandi lóðarinnar handa við að grafa húsgrunn undir nýtt hús. „Þá voru hafðar hraðar hendur og fékkst lögbann frá sýslumanni á framkvæmdirnar. Það lögbann stendur enn," segir Magnús.

Tæp þrjú ár eru frá því að lögbannið var sett, en í millitíðinni hafa Kópavogsbær og eigandi lóðarinnar tapað dómsmáli í héraði. Þar var deiliskipulagið úrskurðað ógilt. „Nágrannar mínir höfðuðu þetta mál og höfðu sigur, enda um borðleggjandi mál að ræða. Þetta var vitlaust mælt frá byrjun og því passaði húsið ekki á lóðina," segir Magnús.

Hann segist hafa vonast til þess að bærinn sæi að sér í kjölfarið og viðurkenndi að mistök hefðu verið gerð. „Við vonuðumst að minnsta kosti til þess að bærinn myndi moka ofan í grunninn, eða að lágmarki girða hann af. Það hefur ekki verið gert og skýlir bærinn sér á bak við þá staðreynd að lögbannið sé enn í gildi. Það gildir þó aðeins á framkvæmdirnar og ætti að mínu mati ekki við, ef lóðinni verður komið í samt horf eða hún gerð hættuminni," segir Magnús.

Húsgrunnurinn við Brekkuhvarf 20 hefur staðið opinn í tæp þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Að mínu mati er Kópavogsbær að nota vald sitt og skattpeninga til þess að beita íbúa ofbeldi.**
>
> Magnús Alfreðsson

Kópavogsbær áfrýjaði niðurstöðu í héraði til Landsréttar, sem Magnús segir að hafi verið vonbrigði. „Það er að mínu mati útilokað að Landsréttur komist að annarri niðurstöðu í málinu."

Á meðan málið velkist um í dómskerfinu stendur enn gapandi sárið í lóðinni við Brekkuhvarf. „Þetta er stórhættulegt að mínu mati, sem og að verið er að skemma aðrar lóðir. Þarna er leiksvæði skammt frá og það er talsvert fall fyrir börn ofan í grunninn. Á öðrum árstímum er vatn í grunninum sem getur einnig verið hættulegt. Þá er byrjað að hrynja úr minni lóð og hellur farnar að gliðna," segir Magnús.

Hann segist hafa verið í miklum samskiptum við Kópavogsbæ undanfarin misseri og meðal annars átt fund með Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra, fyrir nokkrum vikum. „Mér var vel tekið á fundinum en fékk engin vilyrði fyrir því að eitthvað yrði gert í málinu. Að mínu mati er Kópavogsbær að nota vald sitt og skattpeninga til þess að beita íbúa ofbeldi," segir Magnús.

bjornth@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI Jeep® RAM FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

ALLT FYRIR ÚTILEGUNA UM VERSLUNARMANNAHELGINA!

Valdar vörur á afslætti!

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN KOBUK VALLEY 2
~~22.995 KR~~
17.246 KR

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN KOBUK VALLEY 4 PLUS
~~32.995 KR~~
24.746 KR

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN KOBUK VALLEY 3 PLUS
~~28.995 KR~~
21.746 KR

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN DECK STÓLL
~~16.995 KR~~
12.746 KR

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN KÆLIBOX 28L
~~16.995 KR~~
12.746 KR

25% AFSLÁTTUR

CAMPINGAZ QUICKBED DOUBLE LOFTDÝNA
~~7.990 KR~~
5.993 KR

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN SILVERTON 150 SVEFNPOKI
~~12.995 KR~~
9.746 KR

25% AFSLÁTTUR

COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
~~14.995 KR~~
11.246 KR

Ferðumst **innanlands** í sumar

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

*Gildir 24.-31.júní

*Verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur

Jakob kaupir Birgi út úr Jómfrúnni

Jakob Einar Jakobsson, sem átti helmingshlut í Jómfrúnni, hefur keypt hinn helminginn af Birgi Þór Bieltvedt. Keyptu staðinn fyrir fimm árum og hafa tvöfaldað tekjurnar. Frúin hefur sterka stöðu á markaðinum. Veltan komin í sama horf og hún var í fyrra.

VIÐSKIPTI Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar, hefur keypt helmingshlut Birgis Þórs Bieltvedt í veitingastaðnum. Jakob Einar átti helmingshlut á móti Birgi og er því orðinn eini eigandi Jómfrúarinnar.

„Það er búið að samþykkja kauptilboð og búið að ryðja fyrirvara um fjármögnun úr vegi. Þannig að þetta er allt klárt," segir Jakob Einar í samtali við Fréttablaðið. Aðspurður segir hann að kaupverðið sé trúnaðarmál.

Jakob Einar og Birgir keyptu Jómfrúna sumarið 2015 af stofnendunum Jakobi Jakobssyni og Guðmundi Guðjónssyni sem stofnuðu veitingastaðinn. Jakob Einar, sem er sonur Jakobs eldri, var þá með minnihluta á móti Birgi.

„Síðan þá hef ég verið að stækka við hlutinn og það er rúmt ár síðan að ég var kominn upp í 50 prósent. Mér fannst kaupin vera eðlilegt framhald," segir Jakob Einar. Viðskiptin hafi verið gerð að hans frumkvæði, en ákvörðunin hafi þó átt sér nokkurn aðdraganda.

„Mér varð ljóst í COVID-ástandinu hversu sterkar stoðir Jómfrúin hefur á markaðinum. Viðskiptavinir höfðu það á orði að þeir vildu versla og styðja við okkur. Það var þá sem ég ákvað að hefja þessar viðræður," segir Jakob Einar.

Jómfrúin hefur starfað óslitið í rétt tæp 25 ár og þjónað fjölda fastakúnna og öðrum gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Jómfrúin, sem er staðsett við Lækjargötu 4 og hefur starfað óslitið í rétt tæp 25 ár, býður upp á mikið úrval af dönsku smurbrauði í bland við klassíska danska og skandinavíska aðalrétti. Jakob Einar hefur veitt staðnum forstöðu frá árinu 2015 og verið viðloðandi reksturinn með hléum frá árinu 2003.

„Þetta verður áfram sama Jómfrúin. Hins vegar höfum við náð að byggja upp reksturinn á síðustu árum. Á þeim tíma sem við Biggi höfum átt staðinn saman hefur veltan aukist um 100 prósent og

> **Veltan er í raun á pari við það sem hún var í fyrra. Það eru engar rauðar tölur.**
>
> Jakob Einar Jakobsson, eigandi Jómfrúarinnar

afkoman batnað," segir Jakob Einar og tekur fram að samstarf hans og Birgis hafi verið gott. Viðskiptin hafi verið gerð í sátt og samlyndi.

Spurður um veitingareksturinn segir Jakob Einar að velta Jómfrúarinnar hafi tekið við sér eftir að fjöldatakmarkanir voru rýmkaðar í byrjun maí. „Síðan þá hefur reksturinn gengið mjög vel og veltan er í raun á pari við það sem hún var í fyrra. Það eru engar rauðar tölur," segir Jakob Einar, en bætir við að árið 2020 sé ekki uppbyggingarár, heldur ár þar sem vörn er besta sóknin.

„Ég hlakka til að leiða Jómfrúna áfram með Óla bróður mínum þegar aðstæður og ytra umhverfi fer að skýrast betur á nýju ári. Við höfum unnið saman í þessu í fimm ár með frábæru samverkafólki."

thorsteinn@frettabladid.is

Öryggisíbúðir Eirar til langtíma leigu
Grafarvogi Reykjavík

Tveggja og þriggja herbergja vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi, Reykjavík.

Eirborgir, Fróðengi 1—11, 112 Reykjavík.
Eirarhús, Hlíðarhúsum 3—5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mötuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

Pantið skoðun í síma 771 5500 og eða sendið beiðni um gögn og upplýsinar á netföngin
sveinn@eir.is / tinna@eir.is

Eir öryggisíbúðir ehf.
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700

Hænsnabóndinn er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að þær valdi ónæði í umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fær sex hænur í stað tíu

ÖLFUS Hænsnabóndi í Þorlákshöfn fær að halda sex hænum í garðinum sínum, en hann vildi hafa þær tíu. Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss benti hænsnabóndanum á síðasta fundi sínum á, að lausaganga hænsna sé með öllu óheimil og ber hænsnaeigandi fulla vörsluskyldu. Hann sé að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og beri að koma í veg fyrir að hænsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar, eins og segir í fundargerð nefndarinnar. Þá ber hænsnabóndanum að sjá til þess að hænsnahaldið laði ekki að meindýr.

Íbúinn sótti um að halda tíu hænur í garði sínum við Egilsbraut 12. Áður hefur verið veitt leyfi fyrir tíu fermetra smáhýsi í garðinum sem hænurnar dveljast nú í. Samkvæmt upplýsingum eiganda til nefndarinnar er lóðin afgirt, en einföld leit á ja.is og google sýnir annað. „Borist hafa kvartanir vegna hænanna og umhverfisstjóri hefur margsinnis haft afskipti af þessu öllu saman, meðal annars vegna hana sem þau voru með," segir í fundargerðinni. – **bb**

Disney frestar sýningum

BÍÓ Kvikmyndafyrirtækið Walt Disney hefur ákveðið að fresta því að setja þrjár stórmyndir í sýningu, vegna kórónaveirufaraldursins. Þetta er mikill skellur fyrir kvikmyndabransann sem berst í bökkum sökum áhrifa sem faraldurinn hefur haft.

Um er að ræða nýjustu myndirnar í röðinni í kvikmyndaröðununum Star Wars, Avatar og Mulan. Avatar hefur verið sett á dagskrá í desember árið 2022 og áætlað er núna að næsta Star Wars-mynd fari í sýningu fyrir jólin árið 2023.

Mulan-myndin hefur verið sett á ís ótímabundið, en til stóð að sýna hana í kvikmyndahúsum í ágúst

> **Frestað hefur verið að setja nýjustu kvikmyndir Walt Disney: Star Wars, Avatar og Mulan í sýningu.**

næstkomandi. Sú staðreynd að smitum fjölgar enn í Bandaríkjunum, varð til þess að ekki þótti skynsamlegt að setja nýja mynd í bíó.

„Það er mikil óvissa með framhaldið í kvikmyndaheiminum en við erum að freista þess að setja fram einhverja áætlun fyrir næstu misseri í bransanum," segir talsmaður Disney um stöðu mála. – **hó**

FARANGURSBOX
Í MIKLU ÚRVALI

VOTTAÐIR HÁGÆÐA
VARAHLUTIR
SÍÐAN 1962

HAPRO OG NORDRIVE

HAPRO **ROADY 350**

Burðargeta allt að **50 kg**
300 lítra **48.990 kr**

HAPRO **ROADY 450**

Burðargeta allt að **50 kg**
420 lítra **59.990 kr**

HAPRO **TRAXER 4.6**

Burðargeta allt að **75 kg**
370 lítra Svart **84.995 kr**

HAPRO **TRAXER 6.6**

Burðargeta allt að **75 kg**
410 lítra
Silfurgrátt **94.990 kr**
Steingrátt **94.990 kr**
Svart **119.990 kr**

HAPRO **TRAXER 8.6**

Burðargeta allt að **75 kg**
530 lítra
Silfurgrátt **124.990 kr**
Svart **139.990 kr**

NORDRIVE **330**

Burðargeta allt að **75 kg**
330 lítra Svart **58.989 kr**

NORDRIVE **430**

Burðargeta allt að **75 kg**
430 lítra
Silfur **53.499 kr**
Svart **74.990 kr**

NORDRIVE **530**

Burðargeta allt að **75 kg**
530 lítra
Hvítt **79.889 kr**
Silfur **79.889 kr**
Svart **92.169 kr**

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Líf og dauði

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Af og til ratar í fjölmiðla hérlendis umræða um dánaraðstoð. Slík aðstoð er möguleg í nokkrum ríkjum heims en er ekki hér á landi. Alla vega ekki fyrir opnum tjöldum.

Gerðar hafa verið atlögur að því að fá Alþingi til að afgreiða þingsályktunartillögu um dánaraðstoð, þar sem heilbrigðisráðherra væri falið að draga saman gögn um dánaraðstoð og lagaramma um hana í löndum þar sem hún er leyfð, ástæður og skilyrði aðstoðarinnar.

Tekið er fram í tillögunni að hún feli ekki í sér álit á hvort ástæða sé til að breyta lögum hér á landi, heldur sé markmið flutningsmanna tillögunnar að styrkja grundvöll umræðu um viðkvæmt mál.

Í rökræðu um dánaraðstoð er stutt í tilfinningar og þegar svo er, víkja rökin oft.

Til er félagsskapur fólks hér á landi, Lífsvirðing, um dánaraðstoð, sem hefur að markmiði að stuðla að uppbyggilegri umræðu, vinna að því að sett verði lög um dánaraðstoð að tilgreindum skilyrðum uppfylltum og fræða og upplýsa um efnið.

Á vef félagsins kemur fram að dánaraðstoð sé þegar veitt hér á landi. Það sé þó sjaldan viðurkennt. Vísað er til erlendra rannsókna í löndum sem banna dánaraðstoð og fullyrt að niðurstöður sýni að læknar veiti aðstoðina með of stórum lyfjaskömmtum, í því skyni að lina þjáningar sjúklinga sinna. Þetta geri þeir þó fyrir liggi að skammturinn muni leiða til dauða. Öllum þeim sem hafa leyfi til að ávísa og gefa lyf ætti því að vera hugarhægð í því að dánaraðstoð verði leyfð, hvort sem þeir veita hana eða ekki.

Umræða um dánaraðstoð er komin stutt á veg hér á landi og hún er tilviljanakennd. Meðal helstu andstæðinga dánaraðstoðar eru heilbrigðisstarfsmenn. Þeir benda á að hún sé andstæð siðferðis- og faglegum skyldum þeirra. Öll menntun þeirra og þjálfun miði að áframhaldandi lífi sjúklings, en ekki dauða. Hlutverk þeirra sé því lækning en ekki dauði.

En það eru aðrar siðferðilegar og trúarlegar hliðar á málinu. Lífið er heilagt og sjónarmiðið um að rangt sé að taka líf, í hvaða skilningi sem er, vegur þungt í málflutningi þeirra sem mótfallnir eru dánaraðstoð.

Ekki má þó mikla málið um of fyrir sér. Verði dánaraðstoð leyfð, yrði hún að sjálfsögðu valkvæð og þeir sem eiga erfitt siðferðislega með að þiggja hana, gera það þá ekki. Og þeir sem ekki vilja veita hana, gera það heldur ekki.

Það er auðvelt að skilja lækna sem vilja ekki þurfa að standa frammi fyrir sjúklingi sínum og ræða við hann möguleikann á að bundinn verði endi á líf hans. Það er þá líklega betri staða að sú leið sé ekki fær.

En það er líka erfið staða fyrir sjúkling sem á enga batavon og býr við þjáningar, takmörkuð lífsgæði og á hraðri afturför, að hafa enga leið út úr þeim aðstæðum nema bíða síns náttúrulega dauðdaga.

Umræðan um dánaraðstoð þarf að fara fram og þroskast. Fyrsta skrefið í því er að safna upplýsingum um reynslu þeirra þjóða sem hana leyfa.

> Í rökræðu um dánaraðstoð er stutt í tilfinningar og þegar svo er, víkja rökin oft.

Gunnar

Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



Lífsins skjálftar

Ég rumskaði við að rúmið gekk til og hugsaði með mér hvort konan væri nú að bylta sér, sagði viðkunnanlegur viðmælandi í útvarpsviðtali í vikunni. Ekki fylgdi sögunni hvort byltur eiginkonunnar eigi það til að hafa viðlíka áhrif í rúminu og jarðskjálfti af stærðargráðu fimm!

Skjálftahrina á Reykjanesi hefur farið mikinn undanfarna daga. Á Vísindavef Háskóla Íslands kemur fram að jarðskjálfti myndast í kjölfar mikillar spennu í bergi, sem brotnar þegar spennan fer yfir brotaþol þess. Það er nátengt flekahreyfingum jarðskorpunnar, þar sem þeir nuddast saman og troðast hver á öðrum. Mikil orka losnar svo þegar bergið brotnar og dreifist orkan í allar áttir með bylgjum. Talið er að sumir jarðskjálftar geti valdið eldgosum.
Brotaþol mannsins er kannski ekki ósvipað. Þegar spenna mannsbrjóstsins brýst í gegnum þolmörk fara af stað bylgjur reiði, örvæntingar og ótta, sem treður á öðrum.

Spenna móður og mannsbarna

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem móðir jörð spennist og skelfur í kjölfar neyðarástands, óróleika og spennu hjá okkur mannsbörnunum. Árið 1918 hófst með fimbulkulda og í júlí sama ár barst skæðasta heimsfarsótt allra tíma, spænska veikin, til landsins. Fyrri heimsstyrjöldin hafði geisað í fjögur ár og þá á vitorði sem versta stríð sem mannkynið hafði upplifað. Maður getur vart ímyndað sér hvernig ástatt var í sálarlífi samtímamanna. Síðar sama ár gaus Katla, með einu mesta hlaupi frá landnámi.

Stökkvum til ársins 2008. Bankarnir hrundu og í janúar 2010 neitaði þáverandi forseti vor, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, að skrifa undir hinn umdeilda Icesave-samning. Reiði og ólga kraumaði í samfélaginu og aðeins tveimur vikum eftir að við gengum til þjóðaratkvæðagreiðslu um örlög skuldsetningar þjóðarinnar, gaus Eyjafjallajökull sínu stærsta gosi frá landnámi.

Í bók sinni „Man's search for meaning“ veltir geðlæknirinn Viktor E. Frankl, sem var fangi í útrýmingarbúðum nasista, upp hvernig þjáning mótar lífið. Hægt sé að svipta manninn öllu nema einu, sem er að velja eigið viðhorf í öllum aðstæðum. Það sé þetta andlega frelsi – sem ekki er hægt að taka í burtu – sem gefur lífinu merkingu og tilgang. Ef það er tilgangur með lífinu, þá hljóti að vera tilgangur með þjáningu því þjáning er órjúfanlegur þáttur tilverunnar. Þeir fangar sem töpuðu andlega neistanum og hættu að lifa fyrir framtíðina, urðu senn bráð búðanna. Fangar með undirliggjandi taugaveiki sem var ekki að hrjá þá, sátu skyndilega uppi með minna mótvægi eftir að þeir glötuðu voninni. Lífið laut í lægra haldi.
Viktor vitnaði í orð þýska heimspekingsins Nietzsche: „Sá sem hefur ástæðu til að lifa getur þolað næstum hvaða lífsins þjáningu.“ Fangarnir þurftu að hafa ástæðu – markmið – fyrir tilveru sinni. Þeir urðu að skilja að það skipti ekki máli hverju þeir bjuggust við af lífinu, heldur hverju lífið bjóst við af þeim.

Von

Árið 1918 var ekki alslæmt. Þá lauk fyrri heimsstyrjöldinni og við öðluðumst sjálfstæði frá Dönum. Ferðasamgöngur bættust til muna og læknisfræðin tók stórt stökk fram á við.

Frá 2010 fjölgaði ferðamönnum sem heimsóttu landið með hverju árinu til 2019, sem hjálpaði okkur að rétta úr efnahagnum og skapaði fjölda nýrra starfa, eftir hámark atvinnuleysis í kreppunni. Ferðaparadísir byggðust upp um allt land sem nú bíða okkar til að njóta.

Árið 2020 er áskorun og kennir okkur mikilvæga lexíu. Það er enn von til að bjarga móður okkar allra, jörðinni, frá útrýmingu af okkar völdum. En ef viðkunnanlegi viðmælandinn væri minn maður, ætti sá allavega von á skjálftahrinu af mínum völdum næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

KRÓNAN

Fáðu töfra innblástur á kronan.is/töfrar

Logandi létt trix ...

SEM OPNAR NÝJAR VÍDDIR!

TÖFRABRAGÐ
WASABI
GEGGJAÐ Í TACO

Holta kjúklinga grillbringur
2499 kr. kg

Hamingju Wasabi hnetur
248 kr. pk.

Street Food kryddblöndur
699 kr. stk.

Ferskir maísstönglar
199 kr. stk.

Sauce shop sósur
599 kr. stk.

Nýtt!

Banderos Mini tortillas
199 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Löng bið á enda hjá tveimur liðum

Sama sviðsmynd var í ensku knattspyrnunni fyrir 30 árum og er núna. Liverpool var þá á toppi veraldarinnar,líkt og um þessar mundir, og Leeds United var að fikra sig upp í fremstu röð að nýju. Stuðningsmenn liðanna svífa um á bleiku skýi þessa stundina.

Það var afar glatt á hjalla hjá leikmönnum og forráðamönnum Liverpool þegar bikarinn fyrir enska meistaratitilinn fór á loft fyrr í þessari viku. MYND/GETTY

ENSKI BOLTINN Það er stundum sagt að sagan endurtaki sig, en slíkt má svo sannarlega segja um niðurstöðuna í tveimur efstu deildum ensku knattspyrnunnar á keppnistímabilinu sem er að ljúka. Þannig er að sömu lið báru sigur úr býtum í efstu og næstefstu deild árið 1990 og gerðu það að þessu sinni.

Leeds United fór upp úr B-deildinni og Liverpool varð enskur meistari, vorið 1990. Liverpool þurfti svo að bíða í 30 ár eftir því að vinna enska meistaratitilinn á nýjan leik og Leeds United hefur síðan þá flakkað á milli deilda. Leeds United hafði verið utan efstu deildar í 16 ár, þegar Marcelo Bielsa kom liðinu loksins aftur upp í efstu deild, en honum tókst það í annarri atrennu.

Eftir góðan tíma undir stjórn David O'Leary, frá haustinu 1998 til sumarsins 2002, þar sem Leeds United hafnaði aldrei fyrir neðan fimm efstu sæti deildarinnar og komst í undanúrslit í Evrópukeppni félagsliða vorið 2000 og svo í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu ári síðar, fór að halla undan fæti fjárhagslega. Fram undan voru erfiðir tímar.

Peter Ridsdale, stjórnarformaður Leeds United, hafði skuldsett félagið mikið og treyst á að fá greiðslur fyrir sjónvarpsrétt og fyrir þátttöku í Meistaradeildinni, til þess að greiða þær skuldir. Þegar ljóst var að félagið væri að fara inn í annað tímabil í röð utan Meistaradeildarinnar sumarið 2002, þurfti félagið að selja sína stærstu bita.

Ridsdale lenti í deilum við O'Leary út af sölunni á Rio Ferdinand til Manchester United, sem varð til þess að knattspyrnustjórinn var látinn taka pokann sinn. Skömmu síðar hurfu fleiri lykilleikmenn á braut, en Jonathan Woodgate var meðal annars seldur til Real Madrid. Næstu misserin héldu verðmætustu leikmenn liðsins áfram að yfirgefa herbúðir þess og vorið 2004 féll liðið úr efstu deild.

Liverpool var að rjúfa 30 ára bið sína eftir enska meistaratitlinum og Leeds United endurheimti sæti sitt í efstu deild eftir 16 ára bið.

Haustið 2004 voru fjárhagsvandræði Leeds United orðin svo mikil að félagið neyddist til þess að selja bæði heimavöll sinn, Elland Road, sem og æfingasvæði sitt. Vorið 2007 var svo félagið sett undir óháða fjármálastjórn og af þeim sökum voru 10 stig dregin af félaginu, sem geirnegldi það að liðið féll niður í C-deild í fyrsta skipti í sögu félagsins. Dennis Wise, sem var knattspyrnustjóri liðsins, var ekki í öfundsverðri stöðu þar sem hann var að safna liði skömmu fyrir mót sumarið 2007 og félagið var í raun í tætlum.

Undir stjórn Wise og aðstoðarmanns hans, Gus Poyet, byrjaði Leeds United leiktíðina 2007 til 2008 með 15 stig í mínus, en tókst samt sem áður að komast í umspil um að komast upp um deild. Þar tókst þeim ekki að koma liðinu yfir línuna og þegar tímabilinu lauk fór Wise til Newcastle United og Poyet til Tottenham Hotspur. Kallað var á Leeds-goðsögnina Gary McCallister sem kom liðinu sömuleiðis í umspil vorið 2009, en tapaði fyrir Doncaster Rovers í úrslitaleik um sæti í B-deildinni.

Vorið 2010 fór svo Leeds United upp í B-deildina með Simon Grayson í brúnni. Grayson, Neil Redfearn, Neil Warnock, Brian McDermott, Dave Hockaday, Darko Milanič, Uwe Rösler, Steve Evans, Garry Monk, Thomas Christiansen og Paul Heckingbottom, fengu allir tækifæri til þess að spreyta sig á því að koma Leeds United aftur í deild þeirra bestu. Það var svo hinn litríki Argentínumaður sem kom sér á háan stall hjá stuðningsmönnum Leeds United, með því að binda enda á 16 ára eyðimerkurgöngu liðsins.

Skömmu fyrir fjármálahrun, það er í byrjun árs 2007, keyptu bandarísku fjársýslumennirnir George Gillet og Tom Hicks meirihlutann í Liverpool, en stuðningsmönnum félagsins hrýs hugur þegar nöfn þessara mætu manna ber á góma. Eftir að hafa lent í öðru sæti ensku úrvalsdeildarinnar árið 2009, þrátt fyrir stöðugar deilur eigendanna við Rafael Benitez, knattspyrnustjóra liðsins, var liðið nálægt því að vera tekið til gjaldþrotaskipta haustið 2010.

Leikmenn Leeds United hylla stjóra sinn Marcelo Bielsa sem er í guðatölu.

John Barnes og Peter Beardsley voru lykilleikmenn Liverpool.

Liverpool lenti í sjöunda sæti deildarinnar 23 stigum á eftir Chelsea, sem varð enskur meistari vorið 2010 og nokkrum mánuðum síðar var félagið á hengiflugi vegna skuldsetningar Gillet og Hicks. Bandaríski auðmaðurinn John W. Henry og fjárfestahópur í kringum hann kom eins og riddari á hesti og skar samlanda sína úr snörunni.

Tíu árum síðar er Liverpool handhafi titilsins í Meistaradeild Evrópu, heimsmeistaratitilsins og enska meistaratitilsins. Þá er Liverpool ansi verðmætt félag eins og sakir standa og fjármál félagins standa á traustum fótum. Jürgen Klopp hefur skuldbundið sig til þess að stýra skútunni næstu fjögur árin og allt er í blóma. Á næsta keppnistímabili mun Þjóðverjinn etja kappi við sérvitringinn Bielsa, sem Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, hefur lýst sem besta þjálfara heims.

Hér heima hafa fjölmargir stuðningsmenn Leeds United komið fram úr skúmaskotum. Blómaskeið Leeds United á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar bjó til nokkuð stóran stuðningsmannahóp liðsins hér á landi. **hjorvarolafsson@frettabladid.is**

Sumarfrí
27. júlí - 3. ágúst
Skrifstofur Orkustofnunar verða lokaðar frá mánudeginum 27. júlí til og með mánudagsins 3. ágúst næstkomandi vegna sumarleyfa starfsmanna.
ORKUSTOFNUN

SPJALL & STYRKING
Opin fræðsla fyrir alla sem nýlega hafa greinst með krabbamein fer fram í Ljósinu, Langholtsvegi 43, næstu mánudaga milli 10:30 - 12:00:
- 6. júlí: Líðan, virkni og stuðningur
- 13. júlí: Þreyta - Orkusparandi aðferðir
- 20. júlí: Sjálfstyrkur, sjálfsmynd
- 27. júlí: Slökun
- 10. ágúst: Streita og bjargráð
- 17. ágúst: Fjölskyldan og samskipti
- 24. ágúst: Markmiðasetning

Frekari upplýsingar á www.ljosid.is
Ljósið

DORMA

Láttu drauminn rætast

RENNDU ÞÉR INN Í SUMARIÐ!

Þú kaupir Oakley eða Everley heilsudýnu eða heilsurúm sem afhent er í boxi á hjólum og færð innifalið glæsilegt Aspen fjallahjól*

* á meðan birgðir endast

Vissulega ótrúlegt ... ... en staðeynd samt!

Hverri Everley og Oakely heilsudýnu fylgir sérlega vandað Aspen fjallahjól að verðmæti 59.000 kr.*

OAKLEY

heilsudýnan frá Primo er með vönduðu poka-gormakerfi sem veitir mikinn og góðan stuðning. Yfirdýnan er gerð úr mismunandi svamplögum sem og visco lagi sem aðlagast að líkama þínum og heldur honum í réttri stellingu út nóttina. Oakley heilsudýnan er með kantstyrkingum sem eykur svefnsvæði hennar og endingu. Oakley er millistíf/ stíf og hentar því breiðum hópi.

OAKLEY heilsudýna 30 cm þykk	**Stök dýna**	Fullt verð m/ Classic botni	**Útsöluverð með Classic botni**
Oakley 120x200	**139.900**	175.900	**168.700**
Oakley 140x200	**149.900**	189.900	**181.900**
Oakley 160x200	**159.900**	204.900	**195.900**
Oakley 180x200	**169.900**	219.900	**209.900**

EVERLEY

heilsudýnan frá Primo er gerð úr 13 gr. pokagormum sem veita hinn fullkomna stuðning. Stífir kantar auka svefnsvæði dýnunnar. Yfirdýnan er þykk og þægileg og gerð úr nokkrum mismunandi svamplögum. Viscolag gefur líkamanum þann stuðning sem hann þarf. Dýnan er mýkri á axlar- og mjaðmasvæði til að líkami þinn fái eins náttúrulega sveigju og mögulegt er. Everley er millistíf/ mjúk og er ein vinsælasta dýna Primo.

EVERLEY heilsudýna 35 cm þykk	**Stök dýna**	Fullt verð m/ Classic botni	**Útsöluverð með Classic botni**
Everley 120x200	**149.900**	185.900	**178.700**
Everley 140x200	**159.900**	199.900	**191.900**
Everley 160x200	**169.900**	214.900	**205.900**
Everley 180x200	**189.900**	239.900	**229.900**

ASPEN
fjallahjól að verðmæti
59.000 kr.
fylgir með Oakley & Everley heilsu-dýnum

ASPEN
26" FJALLAHJÓL

- 26"
- 21 gír
- demparar á framöxli
- diskabremsur að framan og aftan
- standari
- glitaugu

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

Hverjum róandi gongið glymur

Jógakennarinn **Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir** veit hvar innri frið er að finna í Viðey, sem sé fallegur staður til hugleiðslu. Þar leiðir hún fjölskyldujóga á sunnudag en siglingin þangað, ein og sér, getur fært fólk nær innri ró.

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Eyjan er svo stórkostleg. Ég elska Viðey og er rosalega spennt og það verður gaman að kynna þetta," segir jógakennarinn og leiðsögukonan Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir, sem ætlar að leiða fjölskyldujóga úti í Viðey klukkan 13.30 á sunnudaginn.

Hún segir eyjuna sannarlega fallegan stað til að hugleiða og stunda jóga í fersku sjávarlofti, og næsta víst að þar talar hún ekki alveg út í bláinn. „Ég er búin að vinna lengi í Viðey, skal ég segja þér. Þetta er örugglega sjötta eða sjöunda sumarið mitt þar."

Kristín hefur á þessum árum boðið bæði upp á sérstakar jógagöngur og svo fjölskyldujógað sem hefur notið stöðugra vinsælda frá byrjun. „Við ákváðum að prófa fjölskyldujógað einn Barnadaginn og það gekk svo vel að við ákváðum bara að hafa þetta árlegt."

Hátt til lofts

Fjölskyldujógað stendur hins vegar eitt og sér í ár þar sem Barnadagurinn hefur, eins og margir fjölmennir viðburðir, mátt víkja fyrir COVID-19. „Hann verður ekki núna af því hann er svo fjölmennur, þannig að við ákváðum að hafa bara svona fjölskyldujógaviðburð í staðinn.

Þetta er aðeins nettara form, en það góða við Viðey er að það er hægt að mæta og dreifa vel úr sér á túninu þarna. Þannig að þetta ætti að henta þeim vel sem eru að passa sig og eru viðkvæmir," segir Arnbjörg um eyjuna sem kjörlendi fyrir tveggja metra regluna. „Þarna er nóg af lofti og hægt að passa fjarlægðirnar afskaplega vel."

Bara gaman

„Þetta er fyrir allan aldur þannig að þetta verður skemmtilegt umfram allt," segir Arnbjörg um fjölskyldujógað, þar sem hún leggur áherslu á blanda saman skemmtun og æfingum í passlegum hlutföllum.

„Við munum reyna á jafnvægi, samhæfingu, öndun og alls konar jógastöður og prófa að hugleiða aðeins. Við gerum líka nokkur jógadýr, vegna þess að börn hafa mjög gaman af dýrum og við sprellum aðeins í leiðinni."

Arnbjörg segir að í jóga sé mikið verið að hreyfa líkamann og það hafi hún oft gert í leik með börnum. „Þannig að ég ætla að fara í einn tvo leiki með öllum og gera þetta skemmtilegt. Ég er með góða leiki í handraðanum til þess að skapa bara yndislega, skemmtilega stemningu. Þetta er ekkert allt of alvarlegt og svo setjumst við niður og æfum okkur að vera alveg kyrr í eina mínútu. Gerum litla hugleiðslu."

Börnin leyna á sér

Arnbjörg hefur mikla reynslu af því að kenna börnum frá þriggja ára og unglingum jóga, og segir aðspurð að börn geti verið ótrúlega liðug. „Þau sitja bara alveg strax í lótus og geta gert ýmislegt sem ég get ekki. Vegna þess að líkami þeirra býður bara upp á það. Það er ekki komin streita í kroppinn enn þá, en svo eldumst við og byrjum að hafa áhyggjur.

Þá hættum við að hreyfa okkur eins mikið, eða ekki eins náttúrlega, og byrjum að vera meira í hausnum og í kyrrstöðuvinnu og þá stirðnum við. En það er rosalega gott að heimsækja innra barnið í sjálfum sér og frelsa aðeins líkamann og hugann. Frá norminu."

Arnbjörg segir jóga svo sannarlega vera fjölskyldusport og segir tilvalið fyrir alla fjölskylduna að mæta út í Viðey. „Ég lærði fjölskyldujóga úti í Bandaríkjunum og þá er maður að skoða allan aldur og á hvaða aldri er hægt að gera jóga með tilliti til ákveðins hreyfiþroska, hvað henti viðkomandi og svo framvegis.

Róandi gong

Arnbjörg slær róandi taktinn fyrir hugleiðsluna úti í Viðey. „Gongið er fyrst og fremst ætlað til að kenna hugarró," segir Arnbjörg og bætir við að hvort sem er setið eða legið þá „verði til svona ákveðin innri stilla," þegar hugurinn einbeiti sér að hljóðinu sem frá gonginu kemur.

„Við erum frekar þjálfaðri í að dreifa huganum og hugsa um margt í einu, en í jóga er markmiðið að þjálfa hugann upp með reglulegri ástundun hugleiðslu og gongið hjálpar okkur að setja athyglina BÚMM! á einn stað. Á hljóðið. Og hljóðið kemur vitundinni í svona einingarástand þar sem eru engar áhyggjur. Það er gott að heimsækja þann stað," segir Arnbjörg og hlær.

Arnbjörg Kristín leggur áherslu á að blanda saman skemmtun og jógaæfingum fyrir alla. MYND/DANÍEL STARRASON

Arnbjörg segir Viðey henta vel til hugleiðslu og jógaiðkunar.

Fjölskyldujóga í Viðey

Jógastundin í Viðey hefst klukkan 13.30 sunnudaginn 26. júlí.

Siglt verður frá Skarfabakka kl. 13.15 og heim aftur samkvæmt áætlunarsiglingu þegar fólki hentar.

Veitingasala í Viðeyjarstofu er opin og fólki er bent á að þar er hægt að njóta matar og drykkjar fyrir eða eftir jóga. Í eyjunni eru einnig útigrill sem öllum er frjálst að nota, en aðeins þarf að koma með mat og kol.

Gjald í ferjuna fram og til baka eru 1.650 krónur fyrir fullorðna, 1.500 fyrir eldri borgara og nemendur og 825 fyrir börn 7 – 17 ára í fylgd fullorðinna. Börn 6 ára og yngri sigla frítt.

VIÐ MUNUM REYNA Á JAFNVÆGI, SAMHÆFINGU, ÖNDUN OG ALLS KONAR JÓGASTÖÐUR OG PRÓFA AÐ HUGLEIÐA AÐEINS.

Siglt á róandi mið

Þeim sem hyggjast skella sér í jógað á sunnudaginn er bent á að gott getur verið að taka með sér teppi fyrir slökunina og að klæða sig eftir veðri, svo ytri aðstæður trufli ekki um of slökunina undir heillandi tónum gongsins í guðsgrænni náttúrunni.

Siglingin er að sögn Arnbjargar slakandi ferðalag í sjálfu sér. „Ég myndi segja að bara siglingin út í Viðey sé yndisleg. Fólk er auðvitað að fara til útlanda í svona vellíðunarferðir til að fá fjarlægð á normið, smá yfirsýn og tíma til að kúpla út og endurmeta stöðuna aðeins.

Að fara út í Viðey er algerlega þannig upplifun, nema miklu styttra. Þegar þú kemur út í Viðey og horfir yfir borgina færðu aðra sýn á hlutina og staðinn sem þú býrð á. Þegar maður getur horft svona , þá kemst einhvern veginn ró í mann. Bara með því að taka sjálfan sig úr hefðbundnu umhverfi, úr erlinum, úr umferðinni til dæmis og vinnustaðnum.

Það er öllum rosalega gott að sjá þetta utan frá og fá kannski einhverja aðra sýn á lífið."

MARAÞON

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um maraþon kemur út föstudaginn 31. júlí nk.

Í sérblaðinu Maraþon er tilvalið fyrir hin ýmsu góðgerðarfélög að kynna sig og benda hlaupurum um leið á frábært málefni til að styrkja.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi fréttablaðsins.
sími 5505654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

RAM

ÍSBAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.548.000 KR. ÁN VSK.
9.359.520 KR. M/VSK.

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA TOGIÐ, MESTU DRÁTTARGETUNA OG MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37” - 40” BREYTINGARPAKKA

RAM 3500
LIMITED MEGA CAB

RAM 3500
37” BREYTTUR

RAM 3500
40” BREYTTUR

EVRÓPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MEÐ 35” BREYTINGU

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

YORK
Borðstofustóll. Svart, grátt eða koníaksbrúnt PU-leður.

12.742 kr. ~~14.990 kr.~~

CRAY
Borðstofustóll. Fjórir litir í sléttflaueli, svart, álgrátt, brons og bleikt. Svartir fætur.

32.990 kr.

POLLA
Hægindastóll og skemill. Grátt riflaflauel og góður svampur í setu og baki. Skemmtilegt stungið bak og skemill. Svartir málmfætur.

Stóll (kynningarverð)
33.992 kr. ~~39.990 kr.~~

Skemill (kynningarverð)
9.342 kr. ~~10.990 kr.~~

PINTO
Hornsófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegur brúnn eða í brandy-lit. Fætur úr sterku, svörtu járni. Hægri eða vinstri tunga, ekki færanleg.
Stærð: 293 x 97/217 x 85 cm

339.990 kr.

MAX U-SÓFI MEÐ TUNGU
U-sófi með hægri eða vinstri tungu. Slitsterkt og endingargott grátt áklæði.
Stærð: 286 × 200 × 87 cm.

135.992 kr. ~~159.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 15. ágúst eða á meðan birgðir endast

NÝTT OG FALLEGT Í HÖLLINNI

BILOXI

Huggulegur 3ja sæta sófi með svörtum, nettum málmfótum. Fáanlegur í annars vegar ljósgráu áklæði og hins vegar tveimur litum í sléttfaueli, koparrauðum og dökkgráum. Stærð: 200 x 84,5 x 80 cm

79.992 kr. ~~99.990 kr.~~

RIMINI

Flottur sófi sem fæst í 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða brúnu velúráklæði með djúpa, samlita hnappa í baki. Sófinn hefur sterka, svarta járnfætur. Fyrir betri endingu er svampurinn í innra byrði sófanna kaldpressaður. Retró útlit og nútímaþægindi.

2,5 sæta, stærð: 176 x 90 x 72 cm
109.990 kr.

3ja sæta, stærð: 216 x 90 x 72 cm
119.990 kr.

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Þessi með alþjóðasamskiptin

Alþjóðastjórnmálafræðingurinn Silja Bára Ómarsdóttir er ein þriggja kvenna sem varð í upphafi mánaðar prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Þótt hún hafi sannarlega notið þess að kenna, var það ekki eitthvað sem hún stefndi að í upphafi.

Fanndís Birna Logadóttir
fanndis@frettabladid.is

Silja Bára ætlar sem prófessor að beita sér fyrir auknu jafnrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eitt af því sem ég legg upp úr er að vinna með stelpum og vinna við að hjálpa ungum konum að átta sig á þeim hæfileikum sem þær hafa fram að færa," segir Silja Bára um starf sitt hjá Háskóla Íslands og bætir við að mörgum konum hafi verið kennt frá ungum aldri að þær eigi frekar að draga úr eigin getu, heldur en að viðurkenna hana.

„Ég lít á það sem mitt hlutverk í lífinu að berja fullkomnunaráráttu úr ungum konum," segir hún fremur létt í bragði og minnist þess að þegar hún kom inn í deildina, hafi margir nemendur aldrei áður séð kvenkynskennara þar.

„Þannig að ég velti líka bara fyrir mér þessum fyrirmyndaráhrifum. Núna erum við orðnar fjórir prófessorar við deildina, þá allt í einu sjá stelpur, eða ég vona að stelpur sjái, að þetta sé leið sem er fær og aðgengileg."

Fór óvænt að kenna

„Ég datt svolítið inn í þetta," segir Silja Bára um kennsluna. „Ég flutti heim frá Bandaríkjunum árið 2003 og hafði þá verið úti í rúmlega áratug," segir Silja, sem hafði þá ekki starfað á Íslandi síðan hún var undir tvítugu.

Hún hafði því ekki miklar tengingar né meðmæli til að vísa til hér á landi og flutti út á land og fékk starf hjá Jafnréttisstofu, þar sem hún vann í rúm tvö ár. Hún var þó alltaf opin fyrir nýjum tækifærum og hafði sent út ferilskrár á nokkra staði.

Meðan Silja Bára var búsett á Akureyri ákvað hún að taka nokkra áfanga um íslensk stjórnmál og stjórnsýslu og það var þá sem Margrét Björnsdóttir, sem er í dag verkefnisstjóri innan stjórnmálafræðideildar, benti henni á mögulegt tækifæri við deildina.

„Þá mundi hún eftir að hafa séð ferilskrána mína og segir: „Heyrðu, ert þú ekki þessi sem er með alþjóðasamskiptin? Okkur vantar fólk til að kenna, við erum búin að skipuleggja nýtt nám sem við erum að fylla í og það er eitthvað af þessu sem þú gætir kennt," og þannig dett ég í rauninni inn sem stundakennari til að byrja með," segir Silja en samhliða kennslunni var hún áfram í fullu starfi á Akureyri.

„Síðan vatt þetta upp á sig og það losnaði starf við Alþjóðamálastofnun. Ég var ráðin þangað og var forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar í önnur tvö eða þrjú ár og alltaf að kenna með." Hún fór síðan yfir í aðjúnktsstöðu, en markmiðið var alltaf að klára doktorsnámið svo hún gæti orðið lektor.

Fór krókaleið að stöðunni

Silja Bára kláraði doktorsnámið 2017 og var ráðin í stöðu lektors 2018. Hún segist lengi hafa þráð stöðu prófessors og að það hafi verið ákveðin viðurkenning að hljóta stöðuna. „Það eina leiðinlega við að skipta yfir er að kenna minna, mér finnst kennslan ótrúlega skemmtileg," segir Silja og hlær.

Leiðin að stöðunni hafi þó verið allt annað en auðveld. „Ég fór mikla krókaleið að þessu. Í raun og veru hætti ég í doktorsnámi úti í Bandaríkjunum, bæði þá dó leiðbeinandinn minn og ég varð fyrir líkamsárás, og það var bara orðið svolítið mikið af áföllum í samhengi við það," segir hún. „Þannig að ná að klára þetta líka er frekar mikilvægt fyrir mig."

Silja hefur mikið rannsakað stöðu kvenna á alþjóðavettvangi og setið í ófáum stjórnum samtaka sem berjast fyrir jafnrétti kynjanna. Hún er formaður Jafnréttisráðs og segist aðspurð ætla að beita sér, sem prófessor, fyrir auknu jafnrétti.

Óhrædd við að hafa skoðanir

Silja Bára hefur samhliða kennslunni verið áberandi sem álitsgjafi í fjölmiðlum, ekki síst þegar alþjóða stjórnmál og þá helst bandarísk, eru annars vegar. Sjálf segist hún vera óhrædd við að segja sína skoðun, hvort sem það er í kennslustofunni eða á opinberum vettvangi.

„Ég lít ekki á hlutleysi sem eftirsóknarverðan kost. Hlutlægni, það er að segja að taka gögnin sem liggja fyrir og meta þau, það er eitthvað sem skiptir mig máli." Hvað skoðun hennar á bandarísku stjórnkerfi varðar, segir hún að sýn hennar á bandarísk stjórnmál litist ekki aðeins af því að hún sé Íslendingur, heldur einnig að hún sé femínisti.

„Íslenskt stjórnmálakerfi liggur töluvert meira til vinstri heldur en bandarískt kerfi. Staða jafnréttismála er auðvitað gerólík í þessum samfélögum, sérstaklega þegar kemur að stjórnmálum, og sú orðræða sem tíðkast í Bandaríkjunum er oft alveg ótrúlega afturhaldssöm," segir Silja og bætir við að ýmsir hlutir sem Bandaríkjamenn telja vera í lagi, væru óásættanlegir fyrir Íslendinga.

Þá fer hún hvergi leynt með að hún er ekki aðdáandi Donalds Trump Bandaríkjaforseta.

„Auðvitað hef ég skoðanir alveg eins og flestir aðrir. Það er ekki mjög mikið jákvætt sem Trump hefur gert og eins og ég segi, verandi Íslendingur og komandi úr velferðarsamfélagi, þá eru það hlutirnir sem fara gegn því sem mér finnst óþægilegir, við hvernig hann er að vinna."

Þá sé henni erfitt, sem alþjóðastjórnmálafræðingi, að horfa upp á leiðtoga stórveldis draga ríki sitt út úr alþjóðastofnunum.

Silja Bára bendir á að þar sem hún leiti alltaf í gögnin, hafi hún sem fræðimaður talið að Hillary Clinton myndi sigra forsetakosningarnar 2016. Vegna þess að gögnin bentu til þess, sem rættist síðan ekki. Hún segir allt geta gerst þegar hún er spurð út í komandi kosningar þar sem Joe Biden, forsetaframbjóðandi Demókrata, mælist sterkari í könnunum.

„Það voru allir svo sannfærðir um að tölurnar [fyrir kosningarnar árið 2016] væru sannar, að þær væru

Silja Bára lítur á það sem sitt hlutverk að berja fullkomnunaráráttuna úr ungum konum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

spádómur, en ekki líkindi. Þannig að maður reynir bara að halda sig við gögnin," segir hún og áréttar að þó að gögnin séu mjög afgerandi núna, séu þau ekki spádómur. „Kosningarnar eru ekki fyrr en eftir þrjá mánuði og það er ýmislegt sem getur breyst, og það getur breyst mjög hratt."

Kallað eftir breytingum

Einn helsti þátturinn sem kemur til með að hafa áhrif á kosningarnar er efnahagsmál, en vegna COVID-19 heimsfaraldursins hefur samdráttur verið í efnahag Bandaríkjanna og töluvert er um atvinnuleysi.

„Áður en að kórónaveirufaraldurinn gekk yfir, þá voru efnahagsmálin þannig í Bandaríkjunum að það voru bara sterkar líkur á því að hann myndi ná endurkjöri," segir Silja um Trump.

„Það eru enn þá stuðningsmenn Repúblikana sem að telja að fólk muni muna, þegar kemur að kosningum, að ástandið hafi verið gott og muni verðlauna það, sem er alveg möguleiki, en reynslan og mynstrið í kosningum hingað til styður ekki þá ályktun."

Annað atriði sem mun eflaust hafa áhrif er ákall samfélagsins, þá sérstaklega Black Lives Matter- hreyfingin sem braust út eftir að George Floyd lést eftir að lögreglumaður kraup á hálsi hans við handtöku í maí. Í kjölfarið hefur fólk víðs vegar í Bandaríkjunum vakið athygli á kerfisbundinni mismunun gegn svörtum og barist fyrir breytingum í samfélaginu. Sú barátta gæti leitt af sér betri kosningaþátttöku, sem Silja segir vera lykilatriði þegar kemur að niðurstöðum kosninga.

„Mér fannst rosalega áhrifamikið þegar bróðir George Floyd mætti til Minneapolis og ávarpaði mótmælendahóp sem var í eyðileggingarfasa, það var að rífa og brjóta og bramla, og hann segir; „Ekki gera þetta, ekki eyðileggja. Skráið ykkur frekar til að kjósa. Mætið á kjörstað til að breyta einhverju til framtíðar."

Að geta tekið persónulegan harmleik og sett hann í það samhengi að hann sýni kerfislægar aðstæður sem að þarf að breyta með tækjum valdsins."

> NÚNA ERUM VIÐ ORÐNAR FJÓRIR PRÓFESSORAR VIÐ DEILDINA, ÞÁ ALLT Í EINU SJÁ STELPUR, EÐA ÉG VONA AÐ STELPUR SJÁI, AÐ ÞETTA SÉ LEIÐ SEM ER FÆR OG AÐGENGILEG.

Ýmislegt breyst síðan síðast

Aðspurð um hvað skilji þessar kosningar frá kosningunum árið 2016 segir Silja að vissulega spili kórónaveirufaraldurinn og Black Lives Matter-hreyfingin inn í myndina, en ýmislegt annað sé sömuleiðis að baki.

„Árið 2016 erum við auðvitað að koma út úr því að fyrsti svarti maðurinn hafi verið forseti Bandaríkjanna og það er kona í framboði, þannig að þú ert með bakslag, rétt eins og þegar kona varð forseti hér, þá varð þetta svona: „Já, já nú þarf ekki að vera kvenforseti aftur í 30 ár," svona þannig stemning."

Einnig hafi kerfislægar breytingar orðið í Bandaríkjunum á þessum tíma og því hafi margir upplifað að hvítum hafi verið gert erfiðara uppdráttar í samfélaginu. „Það skapast spenna milli kynþátta, að einhverju leyti, sem Trump síðan nýtir sér. Hann dregur fram þennan hóp. Síðan virkjast líka einhver ákveðinn hópur sem nær að stilla Clinton upp sem óvini."

Þar sem Biden hefur ekki komið jafn oft opinberlega fram og hann gerði fyrir faraldurinn, hefur Trump aftur á móti ekki fengið eins mörg tækifæri til þess að mála Biden sem ákveðinn óvin.

„Það dregur úr krafti Trumps í raun og veru, að Biden sé ekki út um allt. Biden er mjög óheppinn í orðalagi, þannig að það er mjög heppilegt að hann sé ekki mikið að spinna út um allar trissur," segir Silja, en hún segir Trump þrífast á því að hæðast að öðrum og sú aðferð virki á ákveðinn hóp sem valdatákn.

„Núna er Biden ekki að gefa honum nein skotfæri og það auðvitað vekur líka spurningar um stefnu Trumps, ef hann hefur ekkert fram að færa annað en að pota í andstæðinga, þá gæti það vakið spurningar um hvort þetta sé veikt framboð."

Hefði viljað sjá kynslóðaskipti

Þrátt fyrir að Silja Bára sé ekki aðdáandi Trumps þá segist hún ekki hafa talið að Biden væri besti kosturinn til þessa gegn Trump, heldur hafi hann frekar verið ákveðin lending.

„Ég var ekkert sérstaklega hrifin af Biden sem frambjóðanda, mér fannst hann ekki heillandi árið 2008 og ekkert frekar núna. Hann er náttúrulega með rosalega langa sögu í stjórnmálum, margt sem er hægt að setja spurningarmerki við, en hann hefur líka reynt að sýna fram á að hann hafi breyst."

„Maður hefði verið til í að sjá aðeins meiri kynslóðabreytingu, að hugsa lengra til framtíðar og einhvern sem gæti haft áhrif á flokkinn til lengri tíma eftir valdatímann," segir hún, en bætir þó við að það verði áhugavert að sjá hvern Biden tekur með sér sem varaforseta, sjálfur hefur hann gefið út að það verði kona og hafa nöfn nokkurra stjórnmálakvenna verið nefnd sem mögulegra kandídata.

Margir telja að Biden muni velja svarta konu með sér og hafa þar konur á borð við Kamölu Harris, Val Demings og Stacey Abrams verið nefndar á nafn. Þá hefur það einnig vakið athygli að Biden hafi staðfest að hann komi til með að taka konu með sér, þar sem þó nokkrir telja að Biden gæti látist meðan hann situr í embætti, ef hann á annað borð sigrar kosningarnar. Þannig gæti það atvikast að Bandaríkjunum verði í fyrsta sinn stjórnað af konu.

Það mun einnig bæta upp fyrir aldur Biden, ef hann tekur með sér manneskju sem táknar ákveðna framtíð. „Obama stillti þessu auðvitað öfugt upp, verandi ungur og segja ég ætla að taka reynsluna með mér og hafa Biden í eyranu; „Þið getið treyst mér af því að hérna er karlinn úr kerfinu sem að kann þetta allt saman." En þá er Biden að segja öfugt, að hann sé með framtíðina við hliðina á sér," segir Silja.

Gæti neitað að virða úrslit

Líkt og áður hefur komið fram stendur Biden betur heldur en Trump eins og staðan er í dag, en Trump vakti athygli fyrr í vikunni þegar hann neitaði að svara því hvort hann kæmi til með að virða úrslit kosninganna, þar sem hann telur skoðanakannanir vera falsaðar og er viss um að hann muni sigra. Ef Biden sigrar og Trump neitar að virða úrslitin, verður það í fyrsta sinn í sögu Bandaríkjanna sem það gerist.

„Hann hefur auðvitað sýnt vilja til þess að brjóta alls konar fordæmi og ganga gegn því sem er svona viðtekin venja og það sem fólk hefur talið vera jafnvel gildandi lög, þó þau séu ekki skrifuð. Ef þetta verður raunin þá erum við bara að tala um átök. Þá erum við komin á einhvern mjög skrýtinn stað," segir Silja, um hvað myndi gerast ef það færi svo að Trump afneitaði úrslitunum.

Erfitt verk fyrir höndum

Óháð því hvor sigrar er ljóst að það verður áfram klofningur innan Bandaríkjanna. „Ef Trump vinnur aftur þá erum við að horfa á lengri tíma afleiðingar innanlands og utan, það er þessi herta innflytjendalöggjöf, til dæmis, sem að getur komið gríðarlega illa niður á vísindastarfi í Bandaríkjunum og það getur komið illa niður á landbúnaði í Bandaríkjunum," segir Silja og bætir við að ef Bandaríkin dragast aftur úr í vísindastarfi þá væru þau að missa forystu sína að mörgu leyti.

„Ef þau síðan halda áfram að draga sig út úr alþjóðastofnunum þá eru þau líka að missa mjúka valdið sem að er þar, og þar með tækifæri til þess að hafa áhrif. Þannig að þú ert að tala um ríki sem er bara að fara í svipaðan einangrunarfasa og Bandaríkin gerðu eftir fyrri heimsstyrjöldina."

> ÉG LÍT EKKI Á HLUTLEYSI SEM EFTIRSÓKNARVERÐAN KOST. HLUTLÆGNI, ÞAÐ ER AÐ SEGJA AÐ TAKA GÖGNIN SEM LIGGJA FYRIR OG META ÞAU, ÞAÐ ER EITTHVAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI.

Sigri Biden aftur á móti, telur Silja að hægt verði að vinda ofan af úrsögnum ríkisstjórnarinnar og bæta samskipti við alþjóðastofnanir og önnur ríki. Þá muni Biden vera reiðubúinn til þess að taka á kröfum um samfélagslegar breytingar, eitthvað sem mun ekki gerast ef Trump verður áfram forseti. Á móti kemur að Trump er þegar farinn að ýja að því að hann muni ekki virða úrslitin, sem gæti orðið til frekari átaka.

„Svo er auðvitað stórt verkefni að koma hagkerfinu aftur í gang. Eins og í flestum löndum þá hefur þessi faraldur sýnt bresti ríkja og í Bandaríkjunum er það auðvitað brestur að þegar það er ekki velferðarkerfi og fólk á á hættu að missa heimili sín eftir tveggja mánaða atvinnuleysi, að þá er eitthvað töluvert mikið að."

Því er um gríðarlega mikilvægt verkefni að ræða, hvort sem Trump eða Biden sigrar. Aðspurð um sína skoðun á framtíð Bandaríkjanna og hvort mögulegt sé að lagfæra þann klofning sem hefur átt sér , segir hún að Bandaríkjamenn gætu verið að sjá fram á mjög slæmt ástand. „Síðan er bara spurning hvort Bandaríkin þurfi bara að skipta sér upp og vera bara tvö ólík ríki."

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Bríet Dögg Bjarkadóttir og Sigurgeir Ólafsson eru ekki svar vísindanna við Júlíu og Rómeó þótt þau stundi doktorsnám við Oxford annars vegar og Cambridge hins vegar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjarsamband milli Oxbridge-skólanna

Bríet Dögg Bjarkadóttir og Sigurgeir Ólafsson eru í fjarbúð á meðan þau stunda doktorsnám í Oxford og Cambridge. Hún rannsakar áhrif krabbameinslyfja á frjósemi, en hann var að birta vísindagrein um stökkbreytingar sem geta valdið ristilkrabbameini.

Vísindatímaritið Cell birti fyrr í vikunni grein eftir vísindamenn við Sangerstofnunina og Cambridge-háskóla, þar sem sýnt er fram á að sómatískar stökkbreytingar í ristli eru tvöfalt algengari í sáraristilbólgu en í venjulegum ristli, sem eykur líkurnar á breytingum sem valdið geta krabbameini.

Sigurgeir Ólafsson, doktorsnemi í erfðavísindum við Sanger Institute og háskólann í Cambridge, leiddi vinnu hópsins og er fyrsti höfundur greinarinnar sem byggir á annarri grein sem birtist í Nature í fyrra.

„Saga þessarar greinar er nokkuð stíf og þetta var svolítill rússíbani, vegna þess að ég heyrði fyrst af því í september að tveir japanskir hópar væru að vinna í mjög svipuðum hlut," segir Sigurgeir, sem var einn 23 höfunda fyrri greinarinnar en leiddi alla vinnuna að þessu sinni.

„Og þá gáfum við allt í botn. Settum allt á fullt og maður var bara að vinna í sextán, átján tíma á dag. Alla daga. Helgar og allt saman," segir Sigurgeir um ofurkappið sem lagt var á að saxa á forskot Japananna.

„Bríet kom einmitt til mín einhvern tímann um helgi og eldaði bara fullt af mat fyrir mig og setti í frysti til að ég gæti bara haldið áfram að vinna á fullu og þyrfti ekki að eyða tíma í að elda eða neitt svoleiðis."

„Þú vilt alltaf vera fyrstur til að birta," skýtur Bríet inn í og bætir við að kærastinn megi vel vera ánægður með sig, nú þegar greinin hefur loksins fengist birt eftir mikla vinnu og taugastríð. „Þetta eru tímamót hjá honum."

Skúbb er skúbb

Sigurgeir bendir á að það er ekki síður mikilvægt að „skúbba" í fræðaheiminum en fjölmiðlum. „Við sendum greinina upprunalega inn til Nature. Það gerist svo daginn sem ég var að koma heim í jólafrí, að þeir birtu hinar tvær greinarnar og höfnuðu minni. Ég var á leiðinni út á flugvöll þegar rútan bilaði, þannig að ég missti af fluginu mínu svo að það var leiðinleg nótt sem ég sat þarna einn á einhverju flugvallarhóteli og las hinar greinarnar," segir Sigurgeir og rifjar upp þegar dramatíkin náði hámarki í desember.

„Bara til þess að sjá að þar var verið að finna alveg sömu hluti," segir hann um japönsku greinarnar tvær sem fjölluðu um mjög líka hluti. Þessi nótt var erfið en þetta er að fá mjög farsælan endi, en það var svolítið erfið fæðing að koma þessari grein út."

Sigurgeir segir að í slíkri tilfinningasúpu kraumi persónulegur metnaður og akademískur, auk mikilvægis þess fyrir orðsporið í fræðunum, að vera fyrstur að kynna tímamótaniðurstöður. „Og við óttuðumst að enginn myndi vilja greinina eftir þetta og við fengum nokkrar neitanir, en Cell voru sammála okkur, að okkar grein sýndi ýmislegt sem hinar gerðu ekki og væri mikilvæg þess utan," segir Sigurgeir sem ætlar að leyfa sér að vera dálítið ánægður með sjálfan sig.

„Þetta var mikill léttir og maður getur hálfhlegið að þessum vandræðum núna." Sigurgeir bendir einnig á að þegar allt kemur til alls megi líka fagna því að samhljómur sé með greinunum þremur.

„Greinarnar frá Japan hafa fundið svolítið það sama og það er náttúrlega bömmer að þær skúbba svolítið að hluta til. Maður vill vera fyrstur með fréttirnar einhvern veginn. En á sama tíma þá er líka gott að finna bara að þetta er rétt. Ég get þá verið alveg viss um að ég klúðraði engu í þessu, þegar algerlega ótengdir hópar, einhvers staðar í Japan, finna alveg sama hlutinn. Það er náttúrlega líka svakalega gott fyrir vísindin, og þess vegna fyrir sjúklingana, að sjá að þetta sé svona pottþétt dæmi."

Krabbamein og frjósemi

Á meðan Sigurgeir rannsakar frumubreytingar í ristli í Cambridge, sér Bríet fyrir endann á doktorsnámi sínu í læknavísindum við Oxford þar sem hún fæst við frjósemis- og æxlunarlíffræði.

„Ég er að skoða áhrif krabbameinslyfja á frjósemi hjá ungum stúlkum," segir Bríet. „Krabbameinsmeðferðir geta valdið ófrjósemi í körlum og konum, og konur sem fá krabbamein geta látið frysta úr sér egg eða fósturvísa og notað þá seinna til þess að verða óléttar," heldur Bríet áfram og bendir á að þessar ráðstafanir varðveiti í raun inni ekki eðlilega frjósemi eða tíðahring, heldur gefi aðeins tækifæri á getnaði seinna meir.

„En það er líka hægt að frysta eggjastokkinn sjálfan og græða hann síðan í aftur síðar. Það endurræsir þá hormónakerfið í konunni, en það sem ég vildi skoða upprunalega í doktorsverkefninu var hvort það væri hægt að varðveita frjósemi með minna inngripi, með því að gefa inn lyf með krabbameinslyfjunum sem myndi vernda eggjastokkana fyrir áhrifum þeirra."

Bríet segist síðan hafa rekist á að enn eigi eftir að fylla inn í ýmsar eyður í vísindunum áður en þessi leið verði fær þannig að fókusinn í rannsóknum hennar hafi færst meira á áhrif krabbameinslyfjanna á eggjastokkana. Það megi því segja að þau Sigurgeir fáist bæði við krabbamein á óbeinan hátt.

Ekki þarf að fjölyrða um að Oxford og Cambridge eru skólar í

Framhald á síðu 20 ▶

> ÞESSI NÓTT VAR ERFIÐ EN ÞETTA ER AÐ FÁ MJÖG FARSÆLAN ENDI, EN ÞAÐ VAR SVOLÍTIÐ ERFIÐ FÆÐING AÐ KOMA ÞESSARI GREIN ÚT.
>
> Sigurgeir

bauhaus.is

BAUHAUS®

AVA

Sjáðu verðið!

THE AVA CONCEPT
INNOVATION FROM NORWAY

HÁÞRÝSTIDÆLA MASTER P60

49.995,-

Hámarksdæluþrýstingur 145 bar
Vatnsflæði 500 L/klst
2100W áreiðanleg málmdæla
8 metra vírofin sveigjanleg slanga
Þyngd: 21 kg
Meðfylgjandi er túrbó-, breytilegur-,
og 15° stútur, vatnssía og freyðibyssa

TEST WINNER TEK.NO

AVA Master P60 Tested April 2018

Á ST ÆLA P40

23.495,-

Hámarksdæluþrýstingur 120 bar
Vatnsflæði 390 L/klst
1700W áreiðanleg málmdæla
6 metra vírofin sveigjanleg slanga
Þyngd: 9 kg
Meðfylgjandi er túrbó-, breytilegur-,
og 15° stútur ásamt freyðibyssu

MIKIÐ ÚRVAL GÆÐI LÁGT VERÐ ALLTAF

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8 19 / UM HELGAR 10 18

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Framhald af síðu 18 ◄

sérflokki en af hverju eruð þið ekki bara í sama skólanum?

Sigurgeir svarar spurningunni með hlátri en Bríet hefur meira um þetta að segja. „Það misfórst. Við vorum svona að stefna á að vera kannski á sama stað, en doktorsnámið sem mig langaði að fara í er bara í boði í Oxford og Sigurgeiri leist betur á það sem var í boði í Cambridge.“

„Ja, en þeir vildu mig heldur ekki í Oxford. Við skulum ekkert vera að ritskoða það sko,“ segir Sigurgeir á léttum nótum. „Nei, ég klúðraði svolítið viðtalinu mínu í Oxford, held ég, og komst ekki inn þar.“ Þá hafi staðið eftir möguleikinn að fara hvort í sína borgina.

„Það var fyrir bestu, því Cambridge er sannkölluð Mekka erfðafræðinnar. Þar þróaði Fred Sanger fyrst tæknina til að raðgreina DNA og raðgreindi fyrstu lífveruna, þar ákvörðuðu Watson og Crick byggingu DNA-sameindarinnar og þar var stærsti hluti erfðamengis mannsins raðgreindur, þegar það var gert í fyrsta sinn upp úr aldamótum. Það er góðlátlegur rígur milli Cambridge og, en þegar kemur

Sigurgeir og Bríet stefndu á doktorsnám í sama háskóla, en enduðu í Oxbridge-fjarbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að erfðafræði finnst manni nú Cambridge hafa vinninginn.“

Vísindaleg fjarbúð

„Svo hittumst við alltaf um helgar,“ heldur Bríet áfram. „Sem er nú alveg svolítið þreytandi lífsstíll,“ bætir Sigurgeir við. „En á sama tíma gæti það nú verið verra.“

Í því sambandi bendir Bríet síðan á að það hafi sína kosti að geta unnið langt fram á kvöld, án þess að hafa áhyggjur af því að verða of sein í mat og annað slíkt. „Við tökum okkur svo bara almennilegt frí um helgar og þá aðskilur maður svolítið vinnu og frítíma.“

Bríet og Sigurgeir byggja á sama grunni, en þau kynntust þegar þau lærðu lífefna- og sameindalíffræði við Háskóla Íslands. Þau segja hins vegar fræðilegar leiðir hafa skilið nokkuð fljótt, þannig að þegar vísindaparið hittist er það ekki á bólakafi fræðanna.

„Aðferðirnar sem við notum núna eru svolítið svipaðar,“ segir Bríet og Sigurgeir bætir við að vissulega vinni þau bæði með vefi. „Þannig að það er svona vefjavinnslan sem við höfum aðeins getað talað um. En annars er ótrúlegt hversu fljótt við hættum að skilja hvort annað eftir að hafa tekið sama grunnnámið.

„Sambandið okkar er búið að vera 50 prósent í fjarbúð,“ segir Bríet, sem hélt beint til Oxford í mastersnám á meðan Sigurgeir tók þann hluta hjá Íslenskri erfðagreiningu.

„Þetta eru búnar að vera svolitlar fórnir,“ segir Sigurgeir og hlær, um leið og hann vill ekki útiloka að aðskilnaður geti treyst og styrkt sambönd. „Kannski hefur það nefnilega gert það. Ég veit það ekki. Við erum allaveganna ekki orðin þreytt hvort á öðru þegar við sjáumst um helgar.“

Frjósöm vísindi

En hvað er það sem heillar við lífefna- og sameindalíffræði og leiddi ykkur út á þessa braut?

„Ég veit það ekki. Ég hef bara alltaf haft áhuga á vísindum og líffræði og fjölskyldan mín er öll svona frekar vísindasinnuð,“ segir Bríet hugsi. „Já sko, mér fannst lífefnafræðin alveg geggjuð. Bara strax í menntaskóla,“ segir Sigurgeir. „Fannst hún svo skemmtileg og gaman að stúdera þetta.“

„Mér finnst líka svo heillandi við þessi frjósemisfræði að þau eru svo praktísk,“ heldur Bríet áfram og bendir á hin sterku tengsl fræðasviðs hennar við daglegt líf og tilfinningar fólks. „Maður getur unnið við þetta án þess að vera bara föst inni á rannsóknarstofu að skoða eitthvert eitt, lítið prótein sem enginn nema maður sjálfur veit eitthvað , á meðan það skilja þetta allir.“

> ÉG HEF BARA ALLTAF HAFT ÁHUGA Á VÍSINDUM OG LÍFFRÆÐI OG FJÖLSKYLDAN MÍN ER ÖLL SVONA FREKAR VÍSINDASINNUÐ.
>
> Bríet

Og þegar frjósemi er rædd á mannamáli berst talið óhjákvæmilega að máli málanna og sambandi aldurs og frjósemi, sem Bríet telur fólk oft gleyma þegar það fer að huga að barneignum.

„Hjá körlum skiptir þetta svo sem engu máli. Þeir eru bara frjóir alla daga, alla ævi, en hjá konum minnkar frjósemin hægt og rólega og þá sérstaklega um og eftir 35 ára aldur. Ég held að meðalaldur fyrir fyrsta barn sé kominn yfir þrítugt hjá konum í fjölmörgum löndum.“

Sigurgeir skýtur inn í að sjálfsagt sé þessi þáttur ekkert endilega fólki ofarlega í huga þegar það ákveður að klára til dæmis nám og hugsi með sér að það sé alltaf hægt að eignast barn seinna.

„Þú getur ekki breytt þessari líffræðilegu klukku,“ segir Bríet, sem sér ekki fram á að vísindin muni setja strik í þennan reikning í náinni framtíð. „Eftir því sem konan er eldri, þá verður líka allt við meðgöngu erfiðara líkamlega. Þannig er það bara.“

Menntarígur í Bretabæli

Þar sem Bríet og Sigurgeir búa hvort í sinni borginni sáu þau fram á að eiga á hættu að þurfa að vera aðskilin allan þann tíma sem COVID-19 setti samkomum og ferðafrelsi skorður í Bretlandi. Þau sáu sér því þann kost vænstan að forða sér heim til Íslands og héðan flugu þau aftur út í vikunni, eftir að hafa unað hag sínum vel síðan í mars.

„Við erum búin að hafa það gott og vorum við mjög fegin að koma heim,“ segir Sigurgeir sem sér einnig fyrir endann á fjarbúðinni þar sem Bríet klárar í Oxford eftir áramótin.

„Hún átti að klára núna í október en faraldurinn seinkaði því aðeins, en þá ætlar hún að flytja til mín. Ég klára ekki fyrr en í október á næsta ári, en þetta er ákveðið þannig að þá lýkur loksins þessari þriggja ára fjarbúð,“ segir Sigurgeir og Bríet segist brosandi ætla að láta sig hafa það að flytja á „hinn staðinn“ með vísan til rómaðs núnings milli háskólabæjanna.

„Hinn staðurinn er helst ekki nefndur á nafn,“ segir Sigurgeir um Oxford, þar sem lítið fer fyrir Cambridge í daglegu tali. Bríet segir þau þó síður en svo vera í harmrænum sporum hinna forboðnu elskenda Júlíu og Rómeós.

„Nei, þetta er bara svolítill rígur. Svona MR-Versló og þetta er rosalega algengt. Maður hittir mjög mörg pör sem eru í svipaðri stöðu.“

Ennio Morricone er eitt djarfasta, frumlegasta og afkastamesta tónskáld kvikmyndasögulegra tíma og hefur sig í raun langt yfir allar greinar og geira í tónlist yfirleitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tónlist sem mun lifa um ókomna tíð

Jónas Sen skrifar um tónskáldið Ennio Morricone, sem samdi tónlist við um 400 myndir. Spagettívestrarnir eru þekktastir, en snilli hans kom við flest svið tilverunnar.

Jónas Sen

Kona sem ég þekki samdi tónlist fyrir bíómynd. Í myndinni var danssena á brú, en tónlist konunnar átti að vera leikin þar undir. Þegar hún sá myndina skömmu fyrir frumsýningu, uppgötvaði hún að búið var að klippa tónlistina án hennar leyfis; hún hafði verið stytt um helming. Í ljós kom að brúin, sem var sérstaklega smíðuð fyrir myndina, hafði ekki verið eins löng og upphaflega var planað. Það vantaði víst timbur, sem kom niður á tónlistinni, án þess að tónskáldið væri haft með í ráðum.

Þetta er nokkuð lýsandi fyrir stöðu kvikmyndatónskálda. Tónlist í bíómyndum þarf að vera löguð að kvikmyndinni, ekki öfugt. Og tónlistin er talin góð, ef áhorfandinn verður ekki var við hana. Hún er yfirleitt í þriðja eða fjórða sæti þegar best lætur.

Góður, vondur og ljótur

Vissulega eru til undantekningar. Þar á meðal er mynd Sergios Leone, The Good, the Bad and the Ugly, meðal annars með Clint Eastwood í aðalhlutverki. Myndin er frá árinu 1966. Ennio Morricone samdi tónlistina, en hann lést í byrjun þessa mánaðar. Tónlistin er óvanalega veigamikil, og hefur sterkan karakter. Meginstefið er frægt, en það hljómar eins og væl í sléttuúlfi. Það samanstendur að mestu af tveimur nótum með hreinni ferund á milli. Myndin fjallar um átök þriggja byssumanna. Stefið táknar þá alla, en er leikið á mismunandi hljóðfæri, eða sungið, eftir því hver á í hlut. Morricone var frumlegur þegar hann valdi hljóðfæri, og notaði líka skothvelli, jóðl og flaut í tónlistinni. Þessi víði hljóðheimur er eitt af hans helstu höfundareinkennum.

The Good, the Bad and the Ugly var sérkennileg að því leyti að hún var klippt eftir tónlistinni, en ekki öfugt. Enginn skortur var á timbri þar! Á vissan hátt er myndin eins og ópera, þar sem merkingarþrungnar nærmyndir af svip þess aðalleikara sem á í hlut, koma í staðinn fyrir einsöng. Og svo er drynjandi hljóðfæratónlist undir.

Clint Eastwood með vindil og vafinn í teppi, tengist tónlist og sléttuúlfavæli Morricones órjúfanlegum böndum, gegnum sígilda spagettívestrana.

Löng og gjöful starfsævi Ennios Morricone

Ennio Morricone var 91 árs þegar hann lést í Lazio á Ítalíu þann 6. júlí, en þar fæddist hann 10. nóvember 1928, en svo vanafast var tilraunagjarna kvikmyndatónskáldið að hann sá ekki ástæðu til þess að flytja frá Ítalíu, jafnvel þótt Hollywood og heimsfrægðin kallaði.

Morricone hlaut heiðursverðlaun Óskarsverðlaunaakademíunnar 2007, fyrir stórkostlegt og fjölbreytt framlag til kvikmyndatónlistar, en þrátt fyrir sjö tilnefningar til verðlaunanna sjálfra hlaut hann þau ekki nema einu sinni, 2015 fyrir tónlistina í Tarantino vestranum The Hateful Eight.

Þekktastur verður hann sjálfsagt alla tíð fyrir afrakstur samstarfs hans og bekkjabróður hans, leikstjórans Sergio Leone, í spagettívestrunum svokölluðu, en þótt nafn tónskáldsins tengist villta vestrinu órjúfanlegum böndum kom hann miklu víðar við og snerti á flestum sviðum og tilfinningum mannlegrar tilveru, til dæmis í myndum eins og Once Upon a Time in America, The Mission, The Untouchables, Malèna, að ógleymdri stórfenglegri tónlistinni í Cinema Paradiso.

Geimvera og Jesúíti

Morricone samdi tónlistina við um 400 myndir. Þær eru ekki allar snilldarverk, eins og til dæmis frekar slappar hryllingsmyndir á borð við The Exorcist 2. The Thing er þó mögnuð, ekki síst fyrir tónlistina, sem er gædd áhrifamikilli dómsdagsstemningu. Myndin gerist á Suðurskautinu, en geimvera herjar á vísindamenn sem eru þar við rannsóknir, með hroðalegum afleiðingum.

Fleiri myndir sem nutu hæfileika Morricones eru til dæmis The Untouchables, In the Line of Fire og The Mission. Sú síðastnefnda verðskuldar sérstaka athygli. Hún fjallar um tilraunir Jesúíta til að forða frumbyggjum frá því að vera hnepptir í þrældóm í Suður-Ameríku á 18. öld. Jesúítar eru regla innan kaþólsku kirkjunnar. Margslungin og grípandi tónlistin er einstaklega kraftmikil, og lyftir myndinni upp í hæstu hæðir. Tónlistin fékk þó ekki Óskarsverðlaunin, og sumir halda því fram að það sé eitt mesta hneyksli kvikmyndasögunnar.

> Í TENGSLUM VIÐ PÁFANN, ÞÁ SAGÐIST MORRICONE BARA HAFA GRÁTIÐ TVISVAR Á ÆVINNI. ÞAÐ VAR ÞEGAR HANN SÁ THE MISSION FYRST OG ÞEGAR HANN HITTI FRANS PÁFA.

Grét bara tvisvar á ævinni

Morricone bjó ætíð á Ítalíu, hann vildi ekki flytja til Hollywood þegar hann sló í gegn. Hann var heittrúaður kaþólikki. Þegar Jesúítareglan hélt upp á að tvö hundruð ár væru frá því að hún fór í gegnum mikilvægar endurbætur, samdi hann stórt tónverk í messuformi. Hann tileinkaði það Frans páfa, sem er fyrsti Jesúítinn til að gegna því embætti.

Í tengslum við páfann, þá sagðist Morricone bara hafa grátið tvisvar á ævinni. Það var þegar hann sá The Mission fyrst og þegar hann hitti Frans páfa. Margir gráta nú fráfall meistarans, sem var ekki bara með mestu kvikmyndatónskáldum sögunnar, heldur eitt mesta tónskáldið í hvaða geira sem er. Minning hans mun lifa um ókomna tíð.

FÓLK

Helgin

LAUGARDAGUR 25. JÚLÍ 2020

Sigurvegarar Ljóðasamkeppni Hinsegin daga verða tilkynntir hátíðlega á Hýrum húslestrum þann 7. ágúst í Tjarnarbíói. Bjarndís Helga Tómasdóttir sér um keppnina ásamt Elísabetu Thoroddsen. ➔6

Svanlaug Jóhannsdóttir og Örn Helgason eru eigendur OsteoStrong í Borgartúni. Fólk á öllum aldri hefur notið þess að áhrifaríkt kerfi OsteoStrong hjálpi því að bæta sig í alls kyns hreyfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Náðu markmiðunum með hjálp OsteoStrong

OsteoStrong er byltingarkennt kerfi sem hjálpar fólki að styrkja vöðva, minnka verki í liðum og stoðkerfi, styrkja bein og auka jafnvægi með góðum árangri. Ástundun tekur stuttan tíma, eða 10 mínútur á viku. ➔2

Framhald af forsíðu

Fólk mætir í venjulegum fötum, tekur á, svitnar ekki en getur fylgst mjög vel með styrktaraukningu. „Það er ómetanlegt að sjá hvernig meðlimir okkar upplifa bætt lífsgæði. Ein af þeim sem stundar golf náði loksins að lækka forgjöfina sína um fjóra, eftir aðeins tveggja mánaða ástundun. Annar getur loksins labbað niður fjall án þess að finna fyrir verkjum og mjög margir geta loksins hlaupið mun lengra en áður.“

„Það skiptir okkur miklu máli að fólk sé alltaf að keppa við sig sjálft, en ekki eitthvert meðaltal,“ segir Örn Helgason, annar eigandi OsteoStrong. „Styrktaraukning er mjög hröð hérna og fólk er að meðaltali að bæta sig um 73% á ári. Eftir að þessum 10 mínútum lýkur er fólki svo boðið að leggjast á PEMF bekki í slökun, sem hjálpar blóðflæði og dregur úr bólgum í líkamanum,“ bætir hann við.

2.800 Íslendingar hafa prófað OsteoStrong

„Móttökurnar hafa verið mjög jákvæðar. Við heyrum gleði- og árangurssögur nánast á hverjum degi,“ segir Örn. „Það er frábært að fá svona mikla staðfestingu á því að kerfið virkar, en mest gefandi að vita að það sem maður starfar við geti breytt lífi fólks svona mikið til hins betra. Við höfum tekið á móti 2.800 manns hérna í Borgartúninu á árinu og núna stunda 300 manns OsteoStrong vikulega. Sumir koma bara í nokkra mánuði og þurfa ekki meira, þeir sem vinna að beinauppbyggingu þurfa allavega að vera hjá okkur í eitt ár. Aðrir hafa ákveðið að gera ástundun að hluta af heilbrigðum lífsstíl,“ bætir hann við. „Það hefur líka verið ánægjulegt hversu mikið af fólki úr heilbrigðisgeiranum hefur kynnt sér starfsemina, eins og læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar og aðrir sem láta sig heilbrigði varða.“

Álag þéttir vöðva

Með því að setja álag á líkamann hvetjum við hann til þess að styrkja sig. Tæki OsteoStrong gera meðlimum kleift að ýta frá sér fleiri kílóum en er mögulegt annars staðar. Með ástundun þéttast beinin, vöðvar, sinar og liðbönd. Hjá OsteoStrong tekst fólki oft að setja á sig álag sem samsvarar margfaldri líkamsþyngd þess með jafn öruggum hætti og hægt er. „Þess vegna gerast hlutirnir oft hraðar hérna heldur en við aðra hreyfingu. Fólk finnur í framhaldi oft fyrir minni verkjum, betra jafnvægi og meiri orku. Þá er svo miklu skemmtilegra að vera til,“ segir Svanlaug Jóhannsdóttir, eigandi.

Betra jafnvægi

„Það má búast við því að jafnvægið batni hratt. Eftir aðeins fimm skipti er fólk að meðaltali búið að bæta það um 77%. Fyrir suma þýðir það að þeir eru betri í golfi, eða stöðugri í jógatímum. Fyrir aðra þýðir þetta að þeir geta sleppt göngugrindinni, eða átt auðveldara með að ganga.“

Alls konar fólk

Fólk sem stundar OsteoStrong er á öllum aldri og mjög mismunandi á sig komið. Margir nota þetta sem viðbót við aðra þjálfun, en fyrir suma er þetta það eina sem þeir geta stundað.

„Það er ekki meiningin að við séum eina hreyfingin sem fólk stundar. Við hvetjum fólk endilega til að gera allt sem því þykir skemmtilegt. Fyrir suma erum við það fyrsta sem þeir geta gert eftir að hafa dottið út úr hreyfingu í langan tíma. Fyrir aðra þá erum við einmitt hjálpin sem þarf, til þess að ná markmiðum sínum í maraþoninu,“ bætir Örn við og brosir.

Ástundun OsteoStrong tekur mjög stuttan tíma eða um 10 mínútur á viku. Fólk finnur oft mjög fljótt mikinn mun á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þeir sem stunda æfingar hjá OsteoStrong njóta handleiðslu þjálfara í fjórum tækjum sem reyna á allan líkamann.

Rauð og innrauð ljós bæta kollagenframleiðslu húðarinnar.

Hámarksárangur á lágmarkstíma hjá OsteoStrong

„Við hjónin stofnuðum þetta fyrirtæki til þess að hjálpa fólki að fá hámarksárangur hreyfingar á lágmarkstíma. Ég var ekkert sérstaklega að hugsa um sjálfan mig í því samhengi. Ég hef alltaf verið hraustur. En svo fattaði ég allt í einu að ég var farinn að geta synt bringusund, sem ég hafði ekki getað í tólf ár út af hnénu á mér. Ég varð stundum þreyttur í bakinu, en það er alveg búið. Líkamsstaða mín er betri, ég er með opnari bringu og ber mig betur. Ég er orkumeiri, hressari og verð ekki veikur. Ég á líka auðveldara með að stjórna mataræðinu, því að ástundun OsteoStrong hefur áhrif á blóðsykurinn. Ég er líka orðinn svo sterkur að ég næ að gera allt sem mér dettur í hug án þess að finna fyrir því daginn eftir. Við vinnum mjög mikið því við erum með nýtt fyrirtæki, svo að allur okkar frítími fer í að njóta þess að vera með börnunum okkar. Við stundum siglingar hjá siglingafélaginu Ými í Kópavogi. Dóttur minni finnst skemmtilegast að sigla skútu og Svanlaugu finnst skemmtilegast að sigla kajak. Svo förum við í það að laga pallinn, eins og allir Íslendingar í sumar. Við ætlum að halda partí í tilefni þess að sumarið sé búið og allir komist aftur í rútínu. Allar árstíðir bjóða upp á eitthvað spennandi,“ segir Örn.

> **Eftir aðeins fimm skipti er fólk að meðaltali búið að bæta jafnvægi um 77%. Fyrir suma þýðir það að þeir eru betri í golfi, eða stöðugri í jógatímum.**

OsteoStrong býður upp á ókeypis prufutíma í júlí og ágúst í Borgartúni 24. Áhugasamir geta skráð sig á osteostrong.is eða í síma 419 9200.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,


FJALLA
KOFINN
FINNDU GLEÐINA
Í ÚTILEGU
Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is
FJALLA KOFINN

Öflugt starf Dáleiðsluskóla Íslands

Dáleiðsluskóli Íslands býður upp á fjölbreytta dagskrá á haustönn 2020. Þar verða haldin námskeið í sjálfsdáleiðslu og skýrdreymi og grunn- og framhaldsnámskeið í meðferðardáleiðslu.

Þetta er tíunda árið sem ég held dáleiðslunámskeið á Íslandi," segir Ingibergur Þorkelsson, skólastjóri Dáleiðsluskóla Íslands. „Núna í haust og vetur verðum við fyrst með tveggja daga námskeið í sjálfsdáleiðslu og skýrdreymi, og síðan taka við tíu daga grunnnámskeið í september og tólf daga framhaldsnámskeið í október og nóvember.

Í upphafi vorum við aðallega með erlenda kennara en eftir að kennslubók grunnnámsins – Listin að dáleiða – var þýdd á íslensku eru kennararnir flestir íslenskir," segir Ingibergur.

Sjálfsdáleiðsla og skýrdreymi

„22. og 23. ágúst verður námskeið í sjálfsdáleiðslu og skýrdreymi. Námskeiðið er fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna," segir Ingibergur. „Kennari er Michal Cieslakowski frá Póllandi, sem rekur skóla í heimalandi sínu, auk þess að kenna víða í Evrópu og Suður- og Norður- Ameríku.

Kenndar eru hraðvirkar aðferðir til að ná stjórn á eigin huga í svefni og vöku, þannig að þú getur stjórnað eigin líðan og notið hæfileika þinna," segir Ingibergur. „Í svefni er svo hægt að stjórna draumum sínum með ævintýralegum árangri."

Grunnnámskeiðið í meðferðardáleiðslu

„Grunnnámskeið hefst 4. september. Þetta er mjög vandað námskeið, en kennt er frá kl. 10-17 í tíu daga, þrjá til fjóra daga í senn um helgar og hálfur mánuður á milli hlutanna. Íslensk kennslubók eftir Roy Hunter og annað námsefni er innifalið," segir Ingibergur. „Kennarar eru Axel Bragason, íþrótta- og sjúkraþjálfari, og Álfheiður Eva Óladóttir, sem meðal annars hefur lagt stund á nám í sálfræði og stjórnun. Bæði hafa þau mikla reynslu af kennslu og dáleiðslumeðferðum."

Michal Cieslakowski frá Póllandi rekur skóla í heimalandi sínu og kennir víða um heim.

Ingibergur Þorkelsson, skólastjóri Dáleiðsluskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhaldsnám í meðferðardáleiðslu

„Framhaldsnámið hefst svo 23. október og alls er kennt í tólf daga. Námskeiðið er fjölbreytt og kenndar eru afar öflugar aðferðir sem henta vel í dáleiðsluástandi, svo sem endurlitsdáleiðsla (Regression Therapy) sem Roy Hunter kennir, EMDR-meðferð sem Dr. Kate Beaven-Marks kennir, og hugræn endurforritun sem ég kenni sjálfur, en eins og kom fram í þættinum Undir yfirborðið á Hringbraut hef ég náð verulegum árangri í meðferðarvinnu. Hugræn endurforritun er meðferð sem ég hef búið til með því að samþætta þáttameðferð (Ego State Therapy) og Yager-meðferð Dr. Edwins Yager."

Allar frekari upplýsingar og bókanir á vef skólans: www.daleidsla.is

Önnur upplifun af borgarlandslagi

Á sýningunni Yfir Gullinbrú sem stendur yfir í Grafarvogi má sjá verk tíu listamanna á ólíkum stöðum í hverfinu. Grafarvogurinn, náttúra hans og menning eru þungamiðja sýningarinnar.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Yfir Gullinbrú er þriðja sýningin í röð fimm útisýninga sem Myndhöggvarafélagið stendur fyrir í aðdraganda 50 ára afmælis félagsins árið 2022, en sýningarnar eru haldnar árlega á sumrin í ólíkum hverfum innan borgarinnar.

„Myndhöggvarafélagið hefur á 50 ára starfstíma haldið margar sýningar á verkum félagsmanna sinna, ekki síst útisýningar, enda fást félagsmenn gjarnan við verk sem eiga vel heima í opinberu rými og tala þar til fólks," segir Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri.

